

132. fundur bæjarráðs

132. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 18. janúar 2018 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Kjartan Björnsson, bæjarfulltrúi, D-lista

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, áheyrnarfulltrúi, B-lista

Eyrún Björg Magnúsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Fundargerðir til staðfestingar	
1.	1701028 – Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar
	46. fundur haldinn 6. desember
	Fundargerðin staðfest.
2.	1801005 – Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar
	47. fundur haldinn 9. janúar
	Fundargerðin staðfest.
Fundargerðir til kynningar	
3.	1704014 – Fundargerð hverfisráðs Selfoss 3-1704014
	<i>4. fundur haldinn 28. nóvember</i>

	-liður 1, gegnumakstur um bílaplan við Hornið. Bæjarráð bendir lóðarhafa á að leita leiða til að takmarka gegnumakstur. -liður 2, umferð um lóð Austurvegar 6,8 og 10, bæjarráð bendir á að umræddar akstursleiðir eru innan einkalóðar. Einstefna á svæðinu er í samræmi við umferðarskipulag og vandséð að heppilegra sé að hafa hana með öðrum hætti. -liður 3, breikka Árveg. Bæjarráð bendir á að Árvegur er í fullri breidd, en ekki er bannað að leggja meðfram götunni. -liður 4, hvatning til bæjarráðs að sýna HM í fótbolta á stórum skjá. Bæjarráð mun taka vel í umleitan framtakssamra aðila komi til þess að beiðni berist um að setja upp stóran skjá. -liður 5, settar verði stórar ruslatunnur á ákveðin svæði. Bæjarráð vísar því til framkvæmda- og veitustjórnar hvort fjölga skuli tunnum. -liður 6, gangbraut við hundasleppisvæðið. Bæjarráð beinir erindinu til framkvæmda- og veitustjórnar. -liður 7, hafa ráðningarskrifstofu í bænum. Bæjarráð telur rekstur ráðningarskrifstofu ekki falla undir verkefni sveitarfélaga, en bendir á að Vinnumálastofnun annast miðlun starfa. -liður 8, bæta lýsingu við umferðarljósinn við Engjaveg/Tryggvagötu. Bæjarráð vísar því til framkvæmda- og veitustjórnar að skoða lýsingu við gangbrautir almennt. -liður 9, flokkunarkerfi á sorpi í grunnskólana. Bæjarráð vísar í minnisblað um stöðu málsins sem lagt var fram í fræðslunefnd á síðasta fundi. -liður 10, stækka svæðið við Stóra-Hól. Trjágróður við hólinn hefur m.a. þann tilgang að tryggja öryggi, s.s. að börn renni sér ekki niður hólinn á svæðum þar sem stutt er út á Langholt.
	Almenn afgreiðslumál
4.	1712158 – Einelti í grunnskólum
	<i>Almenn umræða um eineltismál</i>

	Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, kom inn á fundinn. Rætt var almennt um einelti í skólum, verklag og niðurstöður kannana. Umræða varð um hvernig gera megi enn betur í eineltisforvörnum og viðbrögðum við einelti í sveitarfélaginu. Óskað er eftir frekari upplýsingum fyrir 134. fund bæjarráðs úr ungmenna-, frístunda- og skólastarfi sem grundvöll að frekari umræðu og aðgerðum.
5.	1801085 – Tækifærisleyfi – Selfossporrablót 2018 5-1801085
	<i>Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 11. janúar, þar sem óskað ef eftir umsögn um tímabundið áfengisleyfi í íþróttahúsi Vallaskóla vegna Selfossporrablóts 20. janúar nk.</i>
	Bæjarráð veitir jákvæða umsögn um erindið.
6.	1712063 – Lagning nýs göngu- og hjólastíg meðfram Eyrarbakkavegi
	<i>Kaup á landi úr Litlu- og Stóru- Sandvík, Stekkum og Geirakoti til lagningar göngu- og hjólastígs.</i>
	Bæjarráð samþykkir kaup á 3.682,6 fermetra spildu úr landi Stóru Sandvíkur, 2.844,7 fermetra landspildu úr landi Litlu Sandvíkur, 4.031,4 fermetra spildu úr landi Geirakots og 9.637,5 fermetra spildu úr landi Stekka vegna lagningar á göngustíg meðfram Eyrarbakkavegi, í samræmi við tilboð sem liggja fyrir fundinum. Bæjarráð felur Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar, að rita undir kaupsamning og afsal.
7.	1801084 – Endurskoðun sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 7-1801084

	<i>Bréf frá verkefnastjórn sorpsamlaganna, dags. 30. október sl., þar sem óskað eftir samstarfi um endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi og er óskað eftir að bæjarstjórnir tilnefni fulltrúa til samstarfsins.</i>
	Bæjarráð tilnefnir Örnu Ír Gunnarsdóttur til setu í starfshópnum.
8.	1606089 – Umhverfisstefna <u>8-1606089</u>
	<i>Tilboð í gerð umhverfisstefnu fyrir Sveitarfélagið Árborg.</i>
	Lagt var fram tilboð Stefáns Gíslasonar í vinnu við gerð umhverfisstefnu fyrir Sveitarfélagið Árborg. Bæjarráð felur undirbúningshópi sem stofnaður var vegna útboðs á sorphirðu að vinna að verkefninu með Stefáni í samráði við þær nefndir sem fara með málaflokkinn og starfsmenn á sviðinu.
9.	1801100 – Beiðni um vilyrði fyrir lóð í Eyrarbakka <u>9-1801100</u>
	<i>Beiðni frá Óskari Erni Vilbergssyni, dags. 11. janúar, þar sem óskað er eftir vilyrði fyrir lóð í landi Árborgar við Eyrarbakka.</i>
	Bæjarráð samþykkir að veita vilyrði til sex mánaða fyrir svæði fyrir fyrirhugaða verksmiðju.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:15.

Gunnar Egilsson		Kjartan Björnsson
Arna Ír Gunnarsdóttir		Helgi Sigurður Haraldsson
Eyrún Björg Magnúsdóttir		Ásta Stefánsdóttir

